



Fundargerð

8. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSÍ miðvikudaginn 7. september 2016.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir og Jóney Gylfadóttir. Lovísa Hreinsdóttir, Björg Ágústsdóttir og Helgi S. Haraldsson í myndsamali.

Formaður setti fund 17:10 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 7. fundar, samþykkt rafrænt milli funda, staðfest.

2. Helstu verkefni áhersluatriði sem við þurfum að sinna fram að formannafundi

Tíminn sem við höfum til að leggja línur er september og október. Fundarmenn sammála um að gott sé að vera komin með útlínur fyrir fjárhagsáætlun 2017 á þeim tíma. Framundan er að setja af stað verkefni til að ganga frá samningum við stærri styrktaraðila.

Rætt var um hlutverk fastanefnda sem eru hver og ein með sinn formann og sína ábyrgð. Innan stjórnar eru tengiliðir við fastanefndirnar, eða tengiliðir nefnda við stjórn. Þeirra hlutverk er að vita hvað er í gangi í viðkomandi málaflokki og koma upplýsingum á framfæri inn og út af stjórnarfundum. Formanni falið að setja skriflega niður hvert er hlutverk tengiliða svo það sé á hreinu.

Unnið hefur verið að bókhaldsmálum og afstemmingum. Málið er í öruggum farvegi og fljótlega verður hægt að birta milliuppgjör. Sú stefnubreyting sem ÍSÍ gerði um síðustu áramót hefur ekki skilað sér fyllilega alla leið til aðildarfélaganna FRÍ og íþróttamanna þ.e skilningurinn á því að þetta er styrkur til sambandsins og sambandið á síðan að vinna í samvinnu við íþróttamennina og þeir að skila reikningum. Starfsmaður ÍSÍ er tilbúinn að koma á fund með stjórn og félögum til að fara yfir þessar breytingar.

Ætlum að hvetja sveitastjórnir til dáða varðandi uppbyggingu og viðhald frjálsíþróttaaðstöðu og styðja þannig við bakið á aðildarfélagunum.



3. Opnir stjórnarfundir

Stjórn stefnir að því að vera með opna stjórnarfundum sem haldnir verði hjá félögunum um landið þannig að þeim sé gert kleift að sitja fundina. Hægt verði þar að ræða staðbundin mál og hagsmuni einstakra svæða. Nánar tímasett eftir að uppskeruhátíð hefur verið tímasett. Fundirnir verði boðaðir sem stjórnarfundir, teknar niður fundargerðir, sem birtar verði opinberlega.

4. Uppskeruhátíð

Áætluð að halda uppskeruhátíð sambandsins 23. eða 30. september. Gaman að tengja við unga fólk, þrjú ungmenni komin í skemmtinefnd. Verkefnastjóra falið að taka verkefnið áfram.

5. Ferli og vinnubrögð varðandi val á íþróttamönnum í landsliðsverkefni

Þurfum að setja góðan ramma varðandi val á íþróttamönnum líkt og ÍSÍ gerðu við val á íþróttamanni fyrir Ólympíuleikana í RÍÓ. Ættum að hafa það þannig að áfrýjunarréttur sé félagsins ekki einstaklingsins. Ferkari umræður bíða næsta fundar.

7. Önnur mál

Tillaga kom upp að vera með málstofu fyrir þingmenn með fræðsluerindi og umræðum. Mikilvægt að hafa góða tengingu við Alþingi. Tveir stjórnarmenn buðu sig fram til að koma að undirbúningi málþings.

Samþykkt að einn stjórnarmanna fái umboð til að skipa í Íþróttamannanefnd.

Samþykkt erindi þriggja utanvegahlaupara um styrk fyrir heimsmeistaramót sem er framundan í október í Braga Portúgal.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:50.

Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir